

Namm „Djúsí“ sushi eða „new style“ sushi, sósur og öðruvísi hráefni.



Kjöt Þeir eru margskonar kjötréttirnir sem Sushisamba býður upp á.



Fuglabúr Stemningin er notaleg og fuglabúraljósin gefa hlýlega birtu.



Morgunblaðið/Júlíus

Brúður 500 brasilískar brúður skornar í tré í Amazon.

Við ætlum að prófa okkur áfram með íslenska hráefnið og mér líst vel á íslenska fiskinn.

Hara, sem kemur til starfa í janúar, en sá hefur starfað í Japan, Kaliforníu og Mónakó.

Brúður sóttar í frumskóginn

Leifur Welding sá um innanhúshönnun á Sushisamba og hann segir útgangspunktinn hafa verið þann að skapa asíska og suðurameríska stemningu. „Við Íslendingar viljum hafa notalega stemningu þegar við förum út að borða, viljum láta umvefja okkur hlýju. Þess vegna völdum við að fara þá leið í hönnun hér inni.

Meðal annars eru fimmtíu japönsk fuglabúr sem gegna hlutverki ljósastæða yfir borðunum,“ segir Leifur og bætir við að suma hlutina á Sushisamba hafi verið erfitt að nálgast. „Mesta ögrunin var að nálgast handgerðu trémunina frá Brasilíu, en ég hafði rekist á slíka hluti fyrir löngu. Staðreyndin er sú að það er tuttugu og tveggja manna ættbálkur lengst inn í Amazon-frumskóginum sem sker út þessa hluti, úr sérstökum við sem einungis er í fjórar vikur á ári í réttu rakastigi til að hægt sé að skera í hann, því annars verður hann að mjöli. Þetta er afskaplega léttur viður og frauðkenndur og við erum með um fimm hundruð trébrúður hangandi í stóru ljósi hér, gerðar sérstaklega fyrir okkur. Ég hafði uppi á brasilískri konu sem býr hér á Íslandi og hún hafði samband við son sinn sem býr ekki svo langt frá þorpinu þar sem hægt er að fara með ferju til þessa einstaka svæðis. Hann gekk í málið og þetta tók langan tíma en tókst að lokum. Og við erum mjög ánægð með útkomuna.“











Sýnishorn Brot af þeim listmunum sem eru til sölu hjá Kaolin gallerí.

Listamannsspjall



Morgunblaðið/Jim Smart

Flug Flugdrekar eiga sér langa sögu.

Skilaboð send með flugdreka

Björk Viggósdóttir mun á morgun klukkan 18 ræða við gesti um sýninguna Flugdrekar sem stendur nú yfir í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur. Myndmálsheimur Bjarkar er ljóðrænn og táknmyndirnar eru margræðar. Flugdrekar eru eitt af viðfangsefnum hennar, en þeir eiga sér langa sögu og hafa í gegnum aldirnar spilað fjölbreytt hlutverk. Þeir hafa meðal annars verið notaðir til að senda skilaboð, á mannamótum, íþróttaleikjum og jafnvel til rannsókna.

Björk Viggósdóttir (f. 1982) útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands árið 2006. Hún hefur lagt áherslu á gerð myndbandsverka og innsetninga, þar sem hún leikur á ofurnæmi skynfæranna sem kallast á við ímyndunarafl áhorfandans.

